

króna skuld fyrir salt, er herra alþingismaður Þorleifur Guðmundsson óðalsbóndi í Þorlákshöfn hefir fengið hjá h/f. Kol & Salt í Reykjavík og lofað að greiða þegar fiskeigendur í Þorlákshöfn hafa selt og fengið borgaðan fisk þann, er þeir öflnuð síðastliðna vetrarvertíð. Er nefndu verslunarfjelagi því heimilt — eftir þann tíma — að snúa sjer til vor, verði þá vanskil á greiðslu.

Sparisjóður Árnassýslu.

G. Sigurðsson.

S. Guðmundsson“.

Það er upplýst í málinu að hið síðasta af fiski þeim, er greinir í ábyrgðarskjalinu var seldur vorið 1921 og var þá ekkert greitt af skuldinni, en á tímabilinu til 15. jan. 1923 hafa verið greiddar 2000 kr., svo að hún þá var komin niður í 33000 kr. Ábyrgð stefnds er gefin gegn vanskilum á greiðslu saltskuldariannar, án nokkurs skilyrðis eða takmörkunar, og í málinu er ekkert komið fram, er bendi til að stefnandi hafi á neinn hátt brotið af sjer rjett til hennar. Þvert á móti er það sannað í málinu, að stefndum hefir verið greidd þó nokkur fjárhæð af andvirði fiæksins og framkomnir vitnisburðir og önnur atvik hníga öll í þá átt, að dráttur á að ábyrgðin var gerð gildandi gegn stefndum hafi orðið með hans vitund, enda fremur honum til hagræðis.

Samkvæmt þessu verður að taka aðalkröfu stefnda til greina en þar sem enginn reikningur hefir verið lagður fram fyrir málskostnaði og dóminum eigi falið að meta hann, er eigi unt að taka kröfu um málskostnað til greina.

Föstudaginn 21. maí 1926.

Nr. 33/1926.

Valdstjórnin (B. P. Kalman).

gegn

C. M. H. Mewes (Jón Ásbjörnsson).

Olöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 20. febr. 1926: Kærði Carl Martin Heinrich Mewes á að greiða sekt að upphæð kr. 12250.00 til Landhelgisjós Íslands.

Ank þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum „Frida“ S. O. 99 frá Kiel vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því viðbættu, að það er sannað með eiðfest-um framburði tveggja stýrimanna á eftirlitsskipinu »Þór«, sem aflað hefir verið að tilhlutun sækjanda eftir uppsögn löreglurjettardómsins, að ekkert skip hafi verið svo nálægt skipi kærða »Frida« þá er »Þór« sá til hennar föstudagsmorguninn 19. febr. þ. á. og þangað til hann tók hana, að henni gæti verið búin nokkur árekstrarhætta, verður af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, að telja kærða sekan um brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920. Og þessari niðurstöðu geta ekki raskað gögn þau frá Þýskalandi, er verjandi hefir lagt fram af hendi kærða.

En þar sem kærði skeytti ekki aðvörunarskot-um eftirlitsskipsins, þykir sekt hans, eftir atvikum og með hliðsjón af því að ísl. króna jafngildir í dag 81.74 gullaurum, hæflega ákveðin 15000 kr., er renni í Landhelgisjóð. Og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Samkv. þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, C. M. H. Mewes, sæti 15000 kr. sekt til Landhelgisjóðs, er afplánist með 8 mánaða

einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði og allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin sóknar- og varnarlaun til málaflutningsmannanna B. P. Kalman og Jóns Ásbjörnssonar, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í málinu með skýrslu skipstjórans á varðskipinu „Þór“ og játnung kærða sjálfs að hann í gærmorgun var staddur á skipi sínu togaranum „Frida“ S. O. 99 frá Kiel fyrir innan landhelgislinuna með botnvörpu utanborðs og að veiðum. Hefir kærði borið fyrir sig að það hafi ekki verið ætlun sín eða vilji að fara inn á landhelgissvæðið heldur hafi hann neyðst til þess svo að hann kæmist hjá árekstri við annan togara. En bæði er það að kærða virðist hafa verið innan handar að stöðva skip sitt snöggvast og svo hitt að sveigur sá inná við, sem telja má að hann hafi farið vegna hins togarans, hlýtur að hafa verið svo lítill að hann út af fyrir sig, gat ekki verið nógur til þess að kærði kæmist á skipi sínu eins langt inn fyrir landhelgislinuna og skýrsla skipstjóra varðskipsins ber með sjer. Þetta getur því ekki orðið tekið til greina honum til sýkunnar, heldur verður að líta svo á að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og þar sem hér er um brot í fyrsta sinn að ræða telst refsingin með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er 81.65 af gullkrónu hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12250.00 sem rennur til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og aalur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks ber kærða að greiða allan kostnað af máli þessu sem orðin er og verður.